# VBS fjárfestingarbanki hf.

## Árshlutareikningur

## 30. júní 2008

VBS fjárfestingarbanki hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
kt. 621096-3039

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........... 3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .......... 4
Rekstrarreikningur ........................................ 5
Efnahagsreikningur ........................................ 6
Yfirlit um breytingar á eigin fé ........................ 7
Sjóðstreymisyfirlit .......................................... 8
Skýringar ...................................................... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árshlutareikninga (IAS 34).

Tap varð af rekstri bankans fyrstu sex mánuði ársins 2008 að fjárhæð 871 millj. kr. samanborið við 1.114 millj. kr. hagnað fyrir sama tímabil fyrra árs. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 55.732 millj. kr. og er bókfært eigið fé í lok tímabilsins 7.131 millj. kr. Eigninfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga um fjármálafyrirtæki var í lok júní 16,9% en sambærilegt hlutfall í árslok 2007 var 22,3%.

Í lok tímbilsins voru hluthafar 106 samanborið við 129 í upphafi árs og nam nafnverð hlutafjár 449 millj. kr. í lok júní.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2008 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30 júní 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennnar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri VBS fjárfestingarbanka hf. staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2008

Í stjórn:

Páll Magnússon

Birgir Ómar Haraldsson

Finnur Sveinbjörnsson

Símon Sigurpálsson

Ólafur Elísson

Forstjóri:

Jón Þórisson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í VBS Fjárfestingarbanka hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur bankans eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum.* Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun okkur felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 25. ágúst 2008

***KPMG hf.***

Sigurður Jónsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

| | Skýr. | 2008 1.1.-30.6. | 2007 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 3.159.081 | 963.237 |
| Vaxtagjöld | | ( 2.825.083) | ( 578.832) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 333.998 | 384.405 |
| Hreinar þóknanatekjur | | 447.498 | 872.446 |
| Arðstekjur | 4 | 59.196 | 28.902 |
| Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum | 5 | ( 286.791) | 185.255 |
| Hrein (gjöld) tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði i gegnum rekstur | 6 | ( 397.309) | 239.247 |
| Gengismunur | | ( 84.017) | 42.555 |
| Aðrar rekstrartekjur | 7 | 45.430 | 30.349 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 118.006 | 1.783.160 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 298.543) | ( 320.741) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 162.721) | ( 74.524) |
| Afskriftir | | ( 12.101) | ( 2.333) |
| Virðisrýrnun | 9 | ( 764.974) | ( 33.661) |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | ( 1.120.334) | 1.351.901 |
| Tekjuskattur | | 249.370 | ( 238.140) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | | ( 870.964) | 1.113.761 |
| (Tap) hagnaður á hlut | | ( 1,9) | 3,3 |
| Þynnt (tap) hagnaður á hlut | | ( 1,9) | 3,3 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2008

| Eignir: | Skýr. | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|---|
| Handbært fé | 10 | 118.271 | 1.351.424 |
| Útlán og kröfur | 11 | 28.203.743 | 24.690.796 |
| Veltufjáreignir | 12 | 18.438.629 | 3.749.630 |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur | 13 | 4.085.569 | 1.965.201 |
| Óefnislegar eignir | 14 | 693.375 | 693.375 |
| Rekstrarfjármunir | | 109.771 | 49.225 |
| Fastafjármunir til sölu | 15 | 3.027.144 | 1.597.632 |
| Aðrar eignir | 16 | 1.055.087 | 1.127.855 |
| **Eignir samtals** | | 55.731.589 | 35.225.138 |
| **Skuldir:** | | | |
| Lántaka | 17 | 46.907.956 | 24.376.116 |
| Víkjandi lán | 18 | 541.812 | 500.936 |
| Skattskuld | | 182.237 | 453.813 |
| Aðrar skuldir | 19 | 968.983 | 1.575.753 |
| **Skuldir samtals** | | 48.600.988 | 26.906.618 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 449.085 | 449.905 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 5.653.040 | 5.672.892 |
| Lögbundinn varasjóður | | 101.750 | 101.750 |
| Óráðstafað eigið fé | | 926.726 | 2.093.972 |
| **Eigið fé samtals** | 20 | 7.130.601 | 8.318.519 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 55.731.589 | 35.225.138 |

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

| Breytingar á eigin fé 1.1. - 30.6.2008 | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögb. varasj. | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2008 | 449.905 | 5.672.892 | 101.750 | 2.093.972 | 8.318.519 |
| Keypt eigin bréf | ( 820 ) | ( 19.852 ) | | | ( 20.672 ) |
| Tap tímabilsins | | | | ( 870.964 ) | ( 870.964 ) |
| Greiddur arður til hluthafa | | | | ( 296.282 ) | ( 296.282 ) |
| **Eigið fé 30.6.2008** | 449.085 | 5.653.040 | 101.750 | 926.726 | 7.130.601 |

| Breytingar á eigin fé 1.1. - 30.6.2007 | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2007 | 414.827 | 4.870.430 | 101.750 | 752.497 | 6.139.504 |
| Innborgað hlutafé | 30.000 | 585.600 | | ( 74.953 ) | 540.647 |
| Keypt eigin bréf | ( 2.409 ) | ( 47.952 ) | | | ( 50.361 ) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.113.761 | 1.113.761 |
| **Eigið fé 30.6.2007** | 442.418 | 5.408.078 | 101.750 | 1.791.305 | 7.743.551 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

| | Skýr. | 2008<br>1.1.-30.6. | 2007<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 762.281) | 1.149.755 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 153.917) | ( 5.878.001) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 316.955) | 5.027.860 |
| (Lækkun) hækkun handbærs fjár | | ( 1.233.153) | 299.614 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 1.351.424 | 151.576 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 118.271 | 451.190 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

VBS fjárfestingarbanki hf. er skráður með lögheimili í Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuárshlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. og dótturfélaga hans, sem vísað er til í heild sem bankinn. Bankinn býður fjármálaþjónustu til fyrirtækja, fagfjárfesta, félagasamtaka og einstaklinga. Þjónustan felst í útlánum, verðbréfamiðlun, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf. Bankinn er með skuldabréf skráð á markaði.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2007.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem bankinn beitir í þessum árshlutareikningi eru þær sömu og var beitt við gerð ársreiknings fyrir árið 2007. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá bankanum eða á vef hans www.vbs.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill bankans. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## 4. Arðstekjur

| Arðstekjur greinast þannig: | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Arðstekjur af veltufjáreignum | 2.981 | 0 |
| Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði | 56.214 | 28.902 |
| | 59.196 | 28.902 |

## 5. Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

| Hrein (gjöld) tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig: | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Skuldabréf og tengdar afleiður | 82.602 | 0 |
| Hlutabréf og tengdar afleiður | ( 296.101) | 185.255 |
| Framvirkir gjaldeyrissamningar | ( 73.292) | 0 |
| | ( 286.791) | 185.255 |

## 6. Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur

| Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig: | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Afleiður | 3.413 | 0 |
| Hlutabréf | ( 400.722) | 239.247 |
| | ( 397.309) | 239.247 |

## 7. Aðrar rekstrartekjur

| Aðrar rekstrartekjur greinast þannig: | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Söluhagnaður eigna | 9.370 | 0 |
| Þóknanir frá Carnegie | 36.060 | 30.349 |
| | 45.430 | 30.349 |

## 8. Starfsmannamál

| | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu umreiknað í heilsársstörf | 42 | 30 |
| Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í lok tímabilsins | 42 | 32 |

## 9. Virðisrýrnun

| Virðisrýrnun sundurliðast þannig: | 1.1. - 30.6. 2008 | 1.1. - 30.6. 2007 |
|---|---|---|
| Virðisrýrnun útlána | 764.974 | 33.661 |
| | 764.974 | 33.661 |

## 10. Handbært fé

| Handbært fé greinist þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Sjóður og bankainnstæður | 118.271 | 1.351.424 |
| | 118.271 | 1.351.424 |

## 11. Útlán og kröfur

| Útlán og kröfur greinast þannig eftir útlánsformum: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Lánasamningar | 21.190.647 | 16.877.887 |
| Skuldabréf | 6.342.050 | 5.843.240 |
| Víxileign | 13.485 | 18.756 |
| Önnur útlán | 1.658.315 | 2.345.367 |
| Afskriftareikningur útlána og krafna | ( 1.000.755) | ( 394.454) |
| | 28.203.743 | 24.690.796 |

| Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Iðnaður og byggingarstarfsemi | 68,0% | 76,2% |
| Eignarhaldsfélög | 23,7% | 15,3% |
| Þjónustustarfsemi | 2,0% | 2,1% |
| Annað | 0,7% | 2,1% |
| Einstaklingar | 5,6% | 4,3% |
| | 100,0% | 100,0% |

Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

| | Sérstakur | Almennur | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur í ársbyrjun | 190.085 | 204.369 | 394.454 | 399.962 |
| Virðisrýrnun útlána og krafna á tímabilinu | 525.249 | 91.169 | 616.418 | 120.413 |
| Endanlega töpuð útlán og kröfur | ( 7.287) | ( 2.960) | ( 10.247) | ( 125.921) |
| Innkomið áður afskrifað | 0 | 129 | 129 | 0 |
| Afskriftareikningur í lok tímabilsins | 708.047 | 292.708 | 1.000.755 | 394.454 |

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána sem hlutfall af útlánum | 3,5% | 1,6% |

## 12. Veltufjáreignir

| Veltufjáreignir greinast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum | 2.822.821 | 0 |
| Skuldabréf útgefin af fjármálastofnunum | 15.156.892 | 1.866.755 |
| Hlutabréf | 458.915 | 1.882.875 |
| | 18.438.629 | 3.749.630 |

## 13. Aðrar fjáreignir á gangvirði

| Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Hlutabréf | 4.085.569 | 1.965.201 |
| | 4.085.569 | 1.965.201 |

## 14. Óefnislegar eignir

| Óefnislegar eignir greinast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 693.375 | 778.375 |
| Virðisrýrnun | 0 | ( 85.000) |
| Staða í lok tímabilsins | 693.375 | 693.375 |

## 15. Fastafjármunir til sölu

| Fastafjármunir til sölu greinast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Fullnustueignir | 1.679.504 | 1.597.632 |
| Aðrar fasteignir | 1.347.640 | 0 |
| | 3.027.144 | 1.597.632 |

Fullnustueignir samanstanda af eignum sem bankinn hefur innleyst til fullnustu krafna. Þessar eignir eru í tímabundinni eigu bankans og eru sýndar í efnahagsreikningi eftir að tekið hefur verið tillit til virðisrýrnunar.

## 16. Aðrar eignir

| Aðrar eignir greinast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Óinnheimt hlutafé | 334.500 | 334.500 |
| Óinnheimtar tekjur | 0 | 181.621 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 686 | 14.557 |
| Ýmsar eignir | 719.901 | 597.177 |
| | 1.055.087 | 1.127.855 |

## 17. Lántaka

| Lántaka greinist þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Lán frá fjármálafyrirtækjum | 41.745.689 | 17.454.150 |
| Útgefin skuldabréf | 4.160.021 | 1.683.897 |
| Útgefnir víxlar | 1.002.246 | 5.238.068 |
| | 46.907.956 | 24.376.116 |

## 18. Víkjandi lán

Öll víkjandi lán eru verðtryggð og teljast til eiginfjárþáttar B.

| Víkjandi lán greinast þannig: | Vextir | 30.6.2008 |
|---|---|---|
| Víkjandi lán á gjalddaga 1. september 2014 | 6,3% | 259.506 |
| Víkjandi lán á gjalddaga 5. janúar 2016 | 6,0% | 282.306 |
| | | 541.812 |

## 19. Aðrar skuldir

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Óuppgerð verðbréfaviðskipti | 598.990 | 896.868 |
| Viðskiptaskuldir | 76.457 | 326.261 |
| Aðrar skuldir | 293.536 | 352.623 |
| | 968.983 | 1.575.753 |

## 20. Eigið fé

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 7.131 milljónum króna eða um 12,8% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 16,9% en má lægst vera 8,0%.

| Eiginfjárhlutfall reiknast þannig: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu utan veltubókar | 33.993.846 | 28.673.876 |
| Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu | 2.621.038 | 607.091 |
| Áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða | 2.761.050 | 7.202.954 |
| | 39.375.934 | 36.483.921 |
| Eiginfjárþáttur A og B samtals | 6.646.268 | 8.125.074 |
| Eiginfjárhlutfall | 16,9% | 22,3% |
| Þar af eiginfjárþáttur A | 16,4% | 20,9% |

## 21. Utan efnahagsreiknings

Bankinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og greinast þær þannig:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 2.312.414 | 1.127.919 |

Bankinn hefur eignir viðskiptamanna í vörslu og eignastýringu. Þessir liðir greinast þannig:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Eignir í stýringu | 9.101.443 | 10.527.378 |
| Eignir í vörslu | 12.956.074 | 16.855.152 |

## 22. Veðsettar eignir

Eignir hafa verið veðsettar Seðlabankanum sem trygging fyrir eftirfarandi skuldum:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Endurhverf verðbréfakaup við Seðlabankann | 17.979.714 | 1.850.050 |

## 23. Gjaldmiðlagreining eigna og skulda

Eignir og skuldir bankans greinast þannig eftir gjaldmiðlum þann 30.6.2008:

| | ISK | CHF | JPY | Aðrir gjaldmiðlar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé | 115.649 | | | 2.622 | 118.271 |
| Útlán og kröfur | 20.404.741 | 2.657.422 | 2.194.165 | 2.947.416 | 28.203.743 |
| Veltufjáreignir | 18.298.907 | | | 139.721 | 18.438.629 |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði | 4.057.335 | | | 28.234 | 4.085.569 |
| Óefnislegar eignir | 693.375 | | | | 693.375 |
| Rekstrarfjármunir | 109.771 | | | | 109.771 |
| Fastafjármunir til sölu | 3.027.144 | | | | 3.027.144 |
| Aðrar eignir | 713.648 | | | 341.439 | 1.055.087 |
| **Eignir samtals** | 47.420.570 | 2.657.422 | 2.194.165 | 3.459.432 | 55.731.589 |
| | | | | | |
| Lántaka | 40.031.021 | 2.762.482 | 1.217.054 | 2.897.398 | 46.907.956 |
| Víkjandi lán | 541.812 | | | | 541.812 |
| Skattskuld | 182.237 | | | | 182.237 |
| Aðrar skuldir | 966.279 | | | 2.704 | 968.983 |
| **Skuldir samtals** | 41.721.349 | 2.762.482 | 1.217.054 | 2.900.102 | 48.600.988 |
| | | | | | |
| Bókfærð staða | 5.699.221 | ( 105.060) | 977.111 | 559.329 | 7.130.601 |
| Staða utan efnahags | 1.749.162 | ( 278.030) | ( 11.997.959) | ( 381.054) | ( 10.907.880) |
| Samtals staða 30.06.2008 | 7.448.383 | ( 383.090) | ( 11.020.848) | 178.276 | ( 3.777.280) |

### 24. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir bankans greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| 30.6.2008 | Allt að 1 mánuður | 1-3 mánuðir | 3-12 mánuðir | 1-5 ár | Yfir 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé | 118.271 | | | | |
| Útlán og kröfur | 8.836.227 | 7.030.419 | 4.775.649 | 6.871.717 | 689.732 |
| Veltufjáreignir | 18.438.629 | | | | |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði | 4.085.569 | | | | |
| | 31.478.695 | 7.030.419 | 4.775.649 | 6.871.717 | 689.732 |
| Lántaka | 27.915.633 | 1.748.807 | 11.714.031 | 5.529.484 | 0 |
| Víkjandi lán | 8.214 | 5.420 | | | 541.812 |
| | 27.923.847 | 1.754.227 | 11.714.031 | 5.529.484 | 541.812 |
| **Fjáreignir - fjárskuldir** | 3.554.848 | 5.276.192 | ( 6.938.383) | 1.342.233 | 147.920 |

| 31.12.2007 | Allt að 1 mánuður | 1-3 mánuðir | 3-12 mánuðir | 1-5 ár | Yfir 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé | 1.351.424 | | | | |
| Útlán og kröfur | 6.948.781 | 325.471 | 10.489.382 | 6.204.725 | 722.437 |
| Veltufjáreignir | 3.749.630 | | | | |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði | 1.965.201 | | | | |
| | 14.015.036 | 325.471 | 10.489.382 | 6.204.725 | 722.437 |
| Lántaka | 8.332.755 | 5.465.781 | 7.368.946 | 3.208.634 | 0 |
| Víkjandi lán | | 12.649 | | | 488.288 |
| | 8.332.755 | 5.478.430 | 7.368.946 | 3.208.634 | 488.288 |
| **Fjáreignir - fjárskuldir** | 5.682.281 | ( 5.152.959) | 3.120.436 | 2.996.091 | 234.149 |

### 25. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningi 30. júní 2008